

Foreldrafélag Álftanesskóla
Aðalfundur 19.09.2022

Eva Dögg Guðmundsdóttur formaður félagsins setur fundinn, kynnir stjórnina og fundarstjóra sem er Eva Dögg sjálf og ritari er Ragnhildur Skúladóttir. Allir stjórnarmeðlimir mættir fyrir utan einn, skólastjórnendur mættir sem og um 20-30 aðrir fundarmenn.

Formaður flytur skýrslu stjórnar og fer yfir ársreikninga sem eru ávallt sýnilegur inná vef skólans sem og fésbókarsíðu félagsins.

Umræður fara fram um skýrslu stjórnar.

Bekkjarfulltrúar :

Beiðni um að taka út orðið „embætti“ er varðar bekkjarfulltrúa en talið var að það orð gæti verið fráhrindandi. Orðið var við þeirra beiðni.

-Kynnt og samþykkt var sú lagabreyting á lögum félagsins að ef ekki gengur að fá tvo bekkjarfulltrúa í hvern bekk þá mun umsjónarkennari draga úr nöfnum barna í þeim bekkjum og foreldrar þeirra barna fá starfið það árið. Þau heimili sem hafa verið bekkjarfulltrúar verða svo tekin úr hattinum þar til að annað kemur í ljós. Með þessu er reynt að gæta sanngirnis svo að allir foreldrar fái að vinna þetta gefandi starf að lágmarki einu sinni á skólagöngu barns/barna sinna.

-Foreldrafélagið mun kaupa stílabækur fyrir hvern bekk sem bekkjarfulltrúar hvers ár passa uppá og skrá þar inn hverjir eru bekkjarfulltrúar það árið og hvaða viðburðir voru haldnir. Það verður afgreitt í október 2022 og komið til umsjónarkennara hvers bekk sem kemur þeim á réttan stað.

Mikil umræða var um hvernig ætti að „neyða“ fólk í að taka að sér að vera bekkjarfulltrúa eftir að ofangreint lagabreyting var kynnt.

Eftirfarandi sjónarhorn voru rædd :

-Eitt sjónarhornið var að þetta væri úrelt og að börnin hittust mjög mikið hvort sem er utan skólans og að þetta væri jafnvel barns síns tíma.

-Annað sjónarhornið var að þetta „verkefni“ ætti að vera í raun unnið af foreldrafélaginu sem myndi svo húa alla bekkjarfulltrúa á fund einu sinni fyrir jól og einu sinni eftir jól og fara yfir hver þeirra viðburður ætti að vera á þeim tíma og þá þegar skipulagður.

-Kynjahlutfall bekkjarfulltrúa var rætt og það réttilega en margt um fleiri konur hafa tekið þetta verkefni að sér og kallað er eftir að það verði jafnað út. Flestir ef ekki allir sammála þessu og verður litið til þess þegar og ef til þess kemur að draga þurfi í bekkjarfulltrúa.

Félagsgjald foreldrafélagsins.

-Kynnt og samþykkt var hækkun á félagsgjaldi úr kr 2.000 í kr 2.500. Alls ekki góðar heimtur hafa verið á þessum valkröfum sem þá er að takmarka þá viðburði sem félagið getur haldið fyrir nemendur og foreldra/ forráðamenn. Sú breyting tekur strax gildi.

Foreldrafélagið

- Kynnt og samþykkt var sú lagabreyting á lögum félagsins að ef ekki gengur að manna í foreldrafélag skólans þá mun verða dregið úr nöfnum barna (ef mörg systkini þá er aðeins miðað við eitt nafn) . Þau heimili sem hafa verið annað hvort bekkjarfulltrúar og eða í skólaráði verða svo tekin úr hattinum þar til að annað kemur í ljós. Með þessu er reynt að gæta sanngirnis og að allir foreldrar fái að vinna þetta gefandi starf með skóla barnsins/ barnanna sinna.

Í 9. Grein í lögum um grunnskóla 2008 nr 91. 12 júní kemur eftirfarandi fram :

■ 9. gr. Foreldrafélag.

☐ *Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.*

☐ *Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.*

-Þar sem öll núverandi stjórn lætur af störfum næsta vor þá kemur Snorri Marteinsson inn sem varamaður þetta árið til þess að sjá hvernig félagið vinnur og þess háttar. Áætlað er að hann verði hluti af nýrri stjórn á skólaárinu 2023-2024

Önnur mál.

Almenn ánægja var með að þetta ár verður tileinkað fræðslu fyrir foreldra sem og nemendur. Vonar félagið af öllu hjarta að innheimtur gjalda verði góðar þannig að drög af áætlun félagsins standist.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Foreldrafélag Álftanesskóla.